

8. gr.

Gjöld samkv. 5. gr. og 6. gr. eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar. Er veitustjórn heimilt að breyta þeim í samræmi við þær breytingar, sem á nefndri vísitölu verða, að fenginni staðfestingu iðnaðarráðuneytisins hverju sinni.

III. KAFLI

9. gr.

Öll gjöld samkv. gjaldskrá þessari má taka fjárnámi á kostnað gjaldanda, sbr. 28. gr. reglugerðar fyrir Hitaveitu Grímsnes- og Grafningshrepps og 79. gr. laga nr. 58/1967 með síðari breytingum.

10. gr.

Hitaveita Grímsnes- og Grafningshrepps hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð notanda, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Fyrirætlun um lokun ber að tilkynna með fimm daga fyrirvara, sbr. 27. gr. reglugerðar fyrir Hitaveitu Grímsnes- og Grafningshrepps.

Allan raunkostnað við lokun og opnun á ný greiðir sá, sem í vanskilum er.

Eftirlitsmanni hitaveitunnar skal veittur hvenær sem er frjálss aðgangur að öllum hitakerfum, sem tengd eru við hitaveituna. Er húseiganda skylt að hlíta tafarlaust fyrir mælum hans um viðgerð á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun heita vatnsins.

Á öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari leggst virðisaukaskattur samkvæmt gildandi reglum á hverjum tíma.

Gjaldskrá þessi, sem samþykkt er af sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps, staðfestist hér með samkvæmt orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967 með síðari breytingum, til að öðlast gildi 1. ágúst 2002 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis, nr. 398, 14. maí 2001.

Iðnaðarráðuneytinu, 16. júlí 2002.

Porgeir Örlygsson.

Katrín Jóhannsdóttir.

REGLUGERÐ**um menntun og skyldur heilbrigðisfulltrúa.**

1. gr.

Rétt til þess að starfa sem heilbrigðisfulltrúi hér á landi og kalla sig heilbrigðisfulltrúa hefur sá einn, sem til þess hefur fengið leyfi umhverfisráðherra.

2. gr.

Leyfi samkvæmt 1. gr. má aðeins veita þeim sem uppfylla eftirfarandi skilyrði.

- a) Viðkomandi skal hafa háskólamenntun á sviði heilbrigðisvísinda, raunvísinda, verkfræði eða sambærilega menntun.

- b) Viðkomandi skal hafa 6 mánaða starfsreynslu sem nær til allra sviða heilbrigðiseftirlits. Starfsþjálfun fer fram á heilbrigðiseftirlitssvæðum. Þá er heimilt að meta að hluta starfsþjálfunartímabil sem unnið er hjá Hollustuvernd ríkisins, Embætti yfirdýralæknis, Fiskistofu, sjálfstæðri skoðunarstofu, heilbrigðiseftirliti á Norðurlöndum eða annarri stofnun sem Hollustuvernd ríkisins viðurkennir.
- c) Viðkomandi skal hafa sótt námskeið um stjórnsýslu, lög og reglugerðir sem heilbrigðisfulltrúum ber að sjá um að sé framfylgt. Hollustuvernd ríkisins sér um að námskeið séu haldin.

Leita skal álits Hollustuverndar ríkisins um hæfni umsækjenda.

Hollustuvernd ríkisins getur metið sérstaka starfsþjálfun á sviði heilbrigðiseftirlits sem starfsreynslu.

3. gr.

Óheimilt er að ráða til starfa sem heilbrigðisfulltrúa aðra en þá sem hafa leyfi samkvæmt reglugerð þessari.

4. gr.

Heilbrigðisfulltrúi starfar í umboði heilbrigðisnefndar.

Heilbrigðisfulltrúa ber að viðhalda þekkingu sinni og tileinka sér nýjungar varðandi starfið.

5. gr.

Heilbrigðisfulltrúar skulu sinna upplýsingaskyldu er varðar almannaheill og starfa fyrir almenning og umhverfið í góðu samstarfi við eftirlitsskylda aðila.

Heilbrigðisfulltrúar eru bundnir þagnarskyldu um atriði er varða framleiðslu- og verslunarleynd. Sama gildir um atriði sem þeir fá vitneskju um og leynt skulu fara. Þagnarskyldan helst þótt látið sé af starfi.

6. gr.

Umhverfisráðherra er heimilt, að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar, að svipta heilbrigðisfulltrúa, sem brýtur gegn starfsskyldum sínum, leyfi, samkvæmt 1. gr., að undan genginni skriflegri og rökstuddri áminningu. Heilbrigðisfulltrúi skal þó áður eiga þess kost að tjá sig um tilefni áminningar eða leyfissviptingar.

7. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 2. mgr. 15. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 öðlast gildi við birtingu. Frá og með sama tíma fellur úr gildi reglugerð nr. 294/1995 um menntun, réttindi og skyldur heilbrigðisfulltrúa.

Umhverfisráðuneytinu, 11. júlí 2002.

Siv Friðleifsdóttir.

Ingimar Sigurðsson.